

FUNDARBOÐ

187. fundur sveitarstjórnar.

Haldinn mánudaginn 15. desember 2014 kl. 16:00 í stjórnsýsluhúsinu Innrimel 3.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 1411003F - Sveitarstjórn - 185
2. 1411005F - Sveitarstjórn - 186
3. 1411004F - Umhverfis- skipulags- og náttúruverndarnefnd - 49

Fundargerð framlögð

- 3.1. 1411017 - Ársfundur náttúruverndarnefndar 2014

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að ársskýrsla USN nefndar, sem nefndin hefur tekið saman, verði send Umhverfisstofnun og skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.

- 3.2. 1303047 - Glammastaðir ehf. kt: 480113-0470.

Á 47. fundi USN nefndar var skipulagsfulltrúa falið að undirbúa svar við erindi Atla Mús Ingólfssonar, hdl. f.h. forsvarsmanna Valz ehf. í samráði við sveitarstjóra og málinu frestað. Uppdráttur hefur borist þar sem tekið hefur verið tillit til óska landeiganda Geitabergs.

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að fallist verði á umsókn Valz ehf. um skiptingu lands út úr landi jarðarinnar Glammastaðaland, landnúmer 190661, með eftirfarandi athugasemdum:

Sveitarstjórn er með afgreiðslu sinni ekki á nokkurn hátt að staðfesta hnitpunkta þá sem fram koma á uppdrætti frá Landlínum ehf., dags.

1.12.2014, sem umsækjandi hefur lagt fram með umsókn sinni. Eigandi aðliggjandi lands, Geitabergs, hefur ekki staðfest framangreindan uppdrátt en sveitarstjórn telur engu að síður að fallast megi á landskipti hins útskipta lands eins og þau eru færð inn á uppdráttinn, þar sem þau virðast vera í samræmi við þinglýst landamerki.

Sveitarstjórn er með afgreiðslu sinni ekki að taka afstöðu til deilna sem sveitarfélaginu er kunnugt um að séu vegna veiðiréttinda fyrir landi Glammastaðalands í Glammastaðavatni (Þórisstaðavatn), sbr. það sem kemur fram í þinglýstu afsali til Glammastaða ehf. (nú Valz ehf.) frá Arion banka hf., dags. 9. janúar 2013, þar um.



- 3.3. 1410029 - Ósk um undanþágu frá skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um fjarlægð milli bygginga og vega, Glammastaðir.

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að í umsögn sveitarfélagsins komi fram að sveitarfélagið sé ekki fylgjandi því að umrædd undanþága verði veitt.

Heimild í skipulagslögum til að veita undanþágur miðast við aðstæður ?þegar sérstaklega standi á", sbr. 12. mgr. 45. gr. laganna.

Sveitarstjórn telur þessum skilyrðum ekki fullnægt í þessu máli.

Þá telur sveitarstjórn að ákvæði 33. gr. lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006, takmarki svigrúm til að samþykkja undanþágubeiðnina.

- 3.4. 1409054 - Skipanes, framkvæmdaleyfi sjóvörn

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Hvalfjarðarsveitar um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000 m.s.br.

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að umsögn sveitarfélagsins verði eftirfarandi: "Umrædd framkvæmd er á svæði sem nýtur verndar samkvæmt Ramsar-samningnum (alþjóðlega mikilvægt votlendi). Sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um friðlýsingu Grunnafjarðar gildir sú regla að landeigendum er heimilt að verja lönd sín ágangi sjávar.

Umrædd framkvæmd stofnar hvorki gróðri né dýralífi svæðisins í hættu að mati USN nefndar. Aftur á móti mun framkvæmdin verja gróinn bakka og er því jákvæð með tilliti til gróðurverndar. Það er mat sveitarfélagsins að framkvæmdin hafi ekki veruleg umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum."

- 3.5. BH070041 - Sæla Hafnarlandi

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lögbýlis á landinu Sælu Inr.208216 og Sælufjals Inr. 208215 og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lögbýlis á landinu Sælu Inr.208216 og Sælufjals Inr. 208215 og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila stofnun lögbýlis á landinu Sælu Inr.208216 og Sælufjals Inr. 208215 og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

3.6. 1401020 - Deiliskipulag fyrir olíubirgðastöð, Litli-Sandur

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimila að auglýsa deiliskipulag Olíubirgðastöðvar á Litla-Sandi ásamt umhverfisskýrslu sbr. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að teknu tilliti til ábendinga skipulagsfulltrúa við framlögð skipulagsgögn og honum falið að vinna málið áfram.

3.7. 1411029 - Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu reiðvegar meðfram Svínadalsvegi 502 samhliða núverandi framkvæmd.

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfi verði veitt að undangenginni grenndarkynningu fyrir landeigendum sbr. 5. mgr. 13. gr. og 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

3.8. 1409055 - Ytri Hólmur, framkvæmdaleyfi sjóvörn

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimilt verði að beita 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga sem felur í sér að stytta tímabil grenndarkynningar með áritun granna og landeiganda á kynningargögnum þar sem þeir lýsa því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við framkvæmdina. Lagt er til að skipulagsfulltrúi vinni málið áfram og grenndarkynnt verði samhliða grenndarkynningu óverulegrar breytingar deiliskipulags af sama svæði.

3.9. 1412012 - Ytri Hólmur, breyting deiliskipulags íbúðalóða við Býlu

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að heimilt verði að beita 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga sem felur í sér að stytta tímabil grenndarkynningar með áritun granna og landeiganda á kynningargögnum þar sem þeir lýsa því yfir að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna. Lagt er til að skipulagsfulltrúi vinni málið áfram.

3.10. 1412005 - Hljóðvist á Grundartanga

USN nefnd leggur til við sveitarstjórn að á árinu 2015 verði ráðist í kortlagningu hávaða frá iðnaðarsvæði á Grundartanga í samræmi við reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir nr. 1000/2005.



4. 1410006F - Fræðslu- og skólanefnd - 113
5. 1412018 - 114. fundur fræðslu- og skólanefndar.
VANTAR FUNDARGERÐ !!
6. 1412010 - 1. og 2. fundur mannvirkja- og framkvæmdanefndar.
7. 1412011 - 23. og 24. fundur menningar- og atvinnuþróunarnefndar.
8. 1412017 - 2. fundur veitunefndar Hvalfjarðarsveitar.

Mál til afgreiðslu

9. 1411012 - Fjárhagsáætlun 2015 - 2018.
Síðari umræða.
10. 1409012 - Kaup á Staðarhöfða.
Áður frestað.
11. 1412019 - Samstarfssamningar við Akraneskaupstað.
Yfirferð á samningum við Akraneskaupstað.
12. 1412021 - Staðgengils laun sveitarstjóra.
Tillaga sveitarstjóra um laun fyrir oddvita.
13. 1412022 - Beiðni um fjárhagslega aðstoð vegna endurbóta við Hallgrímskirkju í Saurbæ.
Beiðni frá sóknarnefnd Hallgrímskirkju.
14. 1412023 - Afskriftir krafna.
Frá fjármálastjóra Hvalfjarðarsveitar.

Mál til kynningar

15. 1412015 - Rekstraryfirlit janúar - október 2014.
Frá fjármálastjóra Hvalfjarðarsveitar.
16. 1412008 - Viljayfirlýsing um stofnun samstarfsvettvangs á Grundartanga.

Undirrituð viljayfirlýsing lögð fram til kynningar.

17. 1412013 - Styrkur vegna námsupplýsingakerfis.
Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu.
18. 1411010 - 122. fundur Heilbrigðisnefndar.
Svar við bréfi dagsettu 20.11.2014 um skipan stjórnar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, frá SSV.

Aðrar fundargerðir

19. 1412007 - 822. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.
20. 1412014 - 79. fundur Sorpurðunar Vesturlands hf., dags. 19. nóvember 2014 og gjaldskrárbreyting í Fíflholtum.
21. 1412016 - 112. fundur stjórnar SSV, 22. október 2014.
22. 1412020 - 1. fundur menningar- og safnanefnd og fjárhagsáætlun 2015.

12.12.2014
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.